

BIBLIOTHECA
ARNAMAGNÆANA

BIBLIOTHECA
ARNAMAGNÆANA

A JÓN HELGASON CONDITA

Vol. LIII

AUSPICIIS INSTITUTI ARNAMAGNÆANI
EDENDUM CURAVIT
ANNETTE LASSEN

OPUSCULA

Vol. XVIII

HAFNIÆ MMXX

IN ÆDIBUS MUSEI TUSCULANI

OPUSCULA

Vol. XVIII



Redaktør
ANNETTE LASSEN

COPENHAGEN 2020

MUSEUM TUSCULANUM PRESS

Redaktionskomité:

*Matthew James Driscoll, Britta Olrik Frederiksen, Gottskálk Jensson,
Anne Mette Hansen, Alex Speed Kjeldsen, Annette Lassen, Seán D. Vrieland*

Udgivet med støtte fra den danske stat

Denne publikation har været underkastet anonym international fagfællebedømmelse.

Registre s. 269–86:

Florian Grammel

Copyright 2020 Den Arnamagnæanske Kommission og bidragyderne

Sats: Florian Grammel

Skrift: Andreas Stötzners “Andron Mega Corpus”

Omslagsdesign: Helga Gerður Magnúsdóttir

AM 242 fol, f. 68 v.

Se også Bjarni Gunnar Ásgeirsson: “A New Stemma of *Háttatal*” på s. 61–85 og Haukur Þorgeirsson: “Pappírsblöð Sveins Jónssonar í Wormsbók. Forrit og textagildi” på s. 87–105.

Foto: Suzanne Reitz, Den Arnamagnæanske Samling, København

Trykt i Danmark af

Tarm Bogtryk ½

ISBN 978 87 635 4680 5

ISSN 0067 7841

Museum Tusulanum Press

Rådhusvej 19

2920 CHARLOTTENLUND, DENMARK

www.mtp.dk

DEN ARNAMAGNÆANSKE KOMMISSION vedtog i 1937 at udgive en skrift-række indeholdende arbejder der falder inden for kommissionens forskningsområde. Afhandlingerne kan trykkes på de nordiske sprog eller verdenssprogene. Seriens fællestitel er Bibliotheca Arnamagnæana. Som treoghalvtredsindstyvende bind i denne serie udsendes *Opuscula xviii*, bestående af mindre tekstudgaver og afhandlinger udarbejdede i eller i tilknytning til Den Arnamagnæanske Samling.

Tidsskriftet udgiver bidrag primært inden for nordisk middelalder og ældre nyere tid: mindre tekstudgaver og artikler, der spænder over et bredt felt af emner fra håndskriftstudier, tekstfilologi, transmissionsstudier, kodikologi og palæografi, editions- og forskningshistorie, teksthistorie og sproghistorie. Hvert nummer indeholder et register over navne og håndskrifter. Alle bidrag er fagfællebedømt.

Opuscula udkommer årligt, næste gang i 2021. Deadline for indlevering af artikler er den 1. oktober. Bidrag inden for de nævnte fagområder modtages gerne. De skal skrives på et af de nordiske sprog (inkl. islandsk), engelsk eller tysk og forsynes med resumé på et andet af disse sprog. Bidrag udformes i henhold til *Opusculas* skrivevejledning <nors.ku.dk/publikationer/trykte-serier/opuscula/skrivevejledning.pdf> og sendes til redaktionen, p. t. Matthew J. Driscoll (amred@hum.ku.dk).

Det foreliggende bind er redigeret med bistand af Redaktionskomiteen for De Arnamagnæanske Serier med Annette Lassen som koordinator.

Matthew James Driscoll Henrik C. Wegener

Svend Larsen Hanne Ruus

Gunner Lind Jens Schovsbo
efor efor

INDHOLD

Árni Heimir Ingólfsson: Copying the Icelandic Graduale in the Sixteenth and Seventeenth Centuries	1
Bjarni Gunnar Ásgeirsson: A New Stemma of <i>Háttatal</i>	61
Haukur Þorgeirsson: Pappírsblöð Sveins Jónssonar í Wormsbók. Forrit og textagildi	87
Gottskálk Jensson: Den Arnamagnæanske Kommissions udgave af Den Ældre Edda 1787–1828	107
Johnny F. Lindholm: <i>Gunnlaugs saga ormstungu</i> gennem 140 år. Nogle bemærkninger om en lærd udgavetradition	159
Tereza Lansing: Danske udgaver af fornaldarsagaen <i>Hrólf's saga kraka</i>	191
Þorsteinn Vilhjálmsson: Themes of Natural Science in the <i>King's Mirror</i>	217
Seán D. Vrieland: Smástykker	257
Benyttede og citerede håndskrifter	269
Navneregister	273

PAPPÍRSBLÖÐ SVEINS JÓNSSONAR Í WORMSBÓK. FORRIT OG TEXTAGILDI

Haukur Þorgeirsson

Í WORMSBÓK SNORRA-EDDU eru 9 pappírslöð með hendi Sveins Jónssonar (1603–1687), væntanlega rituð þegar Sveinn var í Kaupmannahöfn árin 1635–1637. Blöðin innihalda ókennd heiti, nafnaþulur og upphaf *Háttatal*s. Þetta efni vantaði þá í Wormsbók og hafði sumt glatast úr bókinni en sumt aldrei verið þar. Í þessari ritsmið er grafið fyrir um það hvaða forrit Sveinn hafi haft um hönd þegar þessi blöð voru rituð. Ég held því fram að blöðin hafi textagildi og séu hvorki komin af Konungsbók né af Trektarbók heldur af forriti Trektarbókar. Þetta sést bæði af því að Trektarbók hefur margar villur sem ekki er að finna hjá Sveini og einnig af því að í texta Sveins má finna fornlegar myndir sem önnur handrit hafa ekki varðveitt.

Wormsbók og önnur Edduhandrit

Þau handrit sem varðveitt eru af Snorra-Eddu eru nokkuð mismunandi að efnistöfum. Greinilegt er að alloft hefur verið bætt við verkið eða fellt úr því eða það endurskipulagt eftir því sem henta þótti hverju sinni. Sú gerð sem oftast er gefin út endurspeglar þann texta og það skipulag sem varðveitt er í Konungsbók (R, Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, GKS 2367 4to, frá um 1300) og Trektarbók (T, Utrecht, Universiteitsbibliotheek, Rijksuniversiteit te Utrecht, Traj 1374, frá lokum 16. aldar).

Textagerðin sem varðveitt er í Wormsbók (W, Kaupmannahöfn, Den Arnamagnæanske Samling, AM 242 fol, frá miðri 14. öld) er nokkuð umsköpuð miðað við Konungsbókgærðina. Það sem mestu máli skiptir hér er að kaflinn um ókennd heiti hefur verið umsaminn og bætt við hann dæmum, meðal annars

eftir skáld frá 14. öld. Þessi aukna gerð hefur síðan að mestu glatast úr bókinni og þannig var málum komið þegar Ole Worm (1588–1654) eignaðist hana árið 1628. Einnig hafði þá glatast úr bókinni bæði upphaf og niðurlag *Háttatal*s Snorra Sturlusonar.

Ole Worm og handrit Snorra-Eddu

Töluvert er varðveitt af bréfaskriftum og öðrum gögnum sem varpa ljósi á fræðastörf Ole Worms og rannsóknir hans á Snorra-Eddu. Vitað er um tvö önnur skinnhandrit Snorra-Eddu sem fóru um hendur Worms. Árið 1639 hafði hann Uppsala-Eddu (U, Delagardieska samlingen, Uppsala Universitetsbibliotek, DG 11) í láni frá vini sínum Stephaniusi en virðist lítt hafa nýtt hana (Faulkes 1977: 24). Árið 1646 hafði hann svo Sparfvenfeldts-Eddu (Stockholm, Kungliga biblioteket, Holm perg 3 4to) í láni frá Stephaniusi og notaði hana til að fylla í eyður sem enn voru eftir í Wormsbók (Haukur Þorgeirsson og Teresa D. Njarðvík 2017: 170). Einnig er vitað að Worm hafði pappírshandrit með efni af ætt Laufás-Eddu og raunar er ekki alls staðar gott að vita hvað var í þeim handritum sem Worm og Stephanius skrifuðust á um (sjá m. a. Faulkes 1977: 28).

Þrjár spássíuathugasemdir í Trektarbók Snorra-Eddu (T) hafa verið eignaðar Worm. Í tveim þeirra er innihald bókarinnar borið saman við Wormsbók. Annars vegar er merkt að nokkrar línur úr Haustlöng séu í Trektarbók en vanti í Wormsbók („hic paragraphus deest in majore“, T: 28v). Hins vegar er merktur staðurinn þar sem ókennd heiti hefjast í Trektarbók („Hic desinit mea edda et incipit Grammatica“, T: 40r). Athyglisvert er orðalagið „mea edda“ sem Worm notar til að greina Wormsbók frá Trektarbók. Það gæti bent til þess að Worm hafi ekki átt Trektarbók þegar þetta var skrifað heldur haft hana í láni (sbr. Grape 1951: 312). En auðvitað gæti hann hafa fengið hana til eignar eftir að klausan var skrifuð.

Trektarbók mun hafa komið til Kaupmannahafnar 1626 með Jóni Arasyni úr Ögri (Faulkes 1985: 16) en Worm hlýtur að hafa gert samanburðinn eftir að hann eignaðist Wormsbók 1628. Fyrir 1643 hefur hann örugglega gert það en það ár er Trektarbók komin til Utrecht. Í varðveittum bréfum Worms er

mér ekki kunnugt um neinar skýrar vísanir til Trektarbókar. Þó eru ákveðnar vísbendingar fyrir hendi.

Kristian Kálund benti á að hinn hollenski Dr. Elichmann heimsótti Worm í ársbyrjun 1635 og fór vel á með þeim. Þegar Elichmann dó fjórum árum síðar var í bókasafni hans rit um forna danska guði sem vel gæti verið Trektarbók. Kálund taldi því að Worm hafi gefið Elichmann bókina (Kálund 1900: lviii–lix, sbr. einnig Holtsmark og Jón Helgason 1950: vi þar sem fallist er á þetta). Ef þetta gerðist í ársbyrjun 1635 er það áður en Sveinn Jónsson hóf nám við Hafnarháskóla.

Pappírslöð Sveins Jónssonar

Sveinn Jónsson, síðar prestur á Barði, var við nám í Kaupmannahöfn árin 1635–1637 og var þá handgenginn Ole Worm. Með hans hendi eru níu pappírslöð í Wormsbók (löðin eru hér kölluð W_s) en á þeim má finna ókennd heiti *Skáldskaparmála* og upphaf *Háttatal*s. Löðum þessum fylgir engin greinargerð og enginn beinn vitnisburður er til um það hvaða heimildir lágu þeim til grundvallar.

Texti þessara blaða komst fyrst á prent sem orðamunur í útgáfu Rasmusar Rasks á Snorra-Eddu 1818. Rask gerir þar enga grein fyrir þessum texta en notar Wormsbók einfaldlega eins og hún kemur fyrir með pappírslöðum inniföldum. Í fyrsta bindi útgáfu Árnaneftar á Snorra-Eddu 1848 er orðamunur tekinn úr þessu löðum á sama hátt. Í formála er þess getið að lærðir menn á 17. öld hafi fyllt eyður Wormsbókar með pappírslöðum en ekkert mat er lagt á gildi textans. Í útgáfunni er sú framþróun orðin frá bók Rasks að hér eru leshættir pappírslöðanna merktir “Wchart.” til aðgreiningar frá upphaflegu skinnbókinni, *W*.¹

Árið 1881 gaf Theodor Möbius út *Háttatal* af töluverðum fræðilegum metnaði og með samanburði á texta helstu handrita. Niðurstaða hans um pappírslöðin í Wormsbók er að þar sé á ferð „eine nachlässige und vielfach fehlerhafte, obwohl nicht unmittelbare Abschrift von *R*“ (Möbius 1881: 49). Til vitnisburðar um

¹ „Lacunas non paucas homines docti seculi xvii. restaurare conati sunt, insertis foliis chartaceis, quorum lectiones *Wchart.* notatæ sunt“ (Jón Sigurðsson 1848: vi).

Þetta nefnir hann tvö dæmi úr texta Sveins þar sem hann telur U hafa réttan texta en R og W_s hafa sameiginlega villu (Möbius 1881: 49). Möbius bendir á að skrifari pappírslaðanna sé Sveinn Jónsson og fyrir þeirri greiningu ber hann Guðmund Þorláksson (Möbius 1881: 50).

Þriðja bindi af Edduútgáfu Árnaneftndar kom út 1880–1887. Hér var Finnur Jónsson kominn til skjalanna og skrifaði allitarlegan formála þar sem mat er lagt á handritin. Um pappírslöðin í Wormsbók segir Finnur þetta:

Omnia, quæ his foliis scripta exstant, sine pretio sunt, nam a nullo nobis ignoto codice orta sunt; aut ex cod. Regio, aut ex exscripto hujus libri originem trahunt. (Finnur Jónsson 1880–1887: lxi)

(Allt sem á þessum blöðum stendur er gildislaust því að það er ekki komið af neinu ókunnun handriti heldur annaðhvort af Konungsbók eða af einhverju afriti þeirrar bókar.)

Möbius og Finnur komust þá báðir að þeirri niðurstöðu að blöð Sveins séu með texta úr Konungsbók. Segja má að þetta sé skiljanleg hugmynd og kemur þar tvennt til. Annars vegar eru í Wormsbók pappírslöð sem sannarlega eru komin af Konungsbók (gegnum Sparfvenfeldtsbók) og á þeim er meðal annars niðurlag *Háttatal*s. Fljótt á litið kynnu blöð Sveins að líta út fyrir að vera einnig komin af Konungsbók því að texti þeirra er skyldari því handriti en nokkru öðru gömlu handriti sem Finnur og Möbius höfðu undir höndum.

Í þriðja bindi Edduútgáfunnar getur Finnur einnig um Trektarbók og prentar upphaf hennar. Hann telur þar textann verðan nánari rannsóknar (Finnur Jónsson 1880–1887: cxiv–cxvii). Finnur fékk síðan handritið lánað til Kaupmannahafnar og komst að því að það hefði textagildi (Finnur Jónsson 1898: 356–57). Í útgáfu þeirri á Snorra-Eddu sem út kom árið 1900 studdist Finnur meðal annars við Trektarbók. Í neðanmálgrein í formála bókarinnar getur hann um blöð Sveins í Wormsbók og segir að texti þeirra sé kominn af Trektarbók:

De deri indhæftede papirsblade indeholder en tekst, der er en afskrift af Utrekterhåndskr., der i sin tid tilhørte Ole Worm. (Finnur Jónsson 1900: 2)

Þessu fylgir enginn sérstakur rökstuðningur en Finnur hefur séð í hendi sér að texti Sveins er líkur texta Trektarbókar, bæði í lesháttum og stafsetningu. Í

útgáfu sinni á Trektarbók 1913 lýsti Willem van Eeden sömu skoðun um tengsl T og W_s (van Eeden 1913: cxxii, cxxvi).

Í útgáfu Finns Jónssonar á Wormsbók 1924 er enn sama skoðun uppi á teningnum („utvivilsomt efter Utrechter-håndskriftet“) og hér nefnir Finnur einnig að blöðin séu með hendi Sveins Jónssonar (Finnur Jónsson 1924: vi). Þetta kemur líka fram í útgáfu Finns á Snorra-Eddu 1931 (bls. vii–viii). Það sama ár kom Wormsbók út í ljósprentaðri útgáfu með inngangi eftir Sigurð Nordal. Þar fylgja ekki myndir af pappírslöðunum og um þau er farið fáum orðum (Sigurður Nordal 1931: 20).

Er nú kyrrt um hrið.

Rannsókn Faulkes

Árið 1985 var Trektarbók gefin út í ljósprenti með inngangi eftir Anthony Faulkes. Þar birtist í fyrsta skipti ítarleg rannsókn á pappírslöðum Sveins Jónssonar. Faulkes sýnir þar fram á að texti Sveins getur ómögulega verið runninn frá Trektarbók einni saman því að æ ofan í æ stendur texti Sveins með öðrum handritum gegn Trektarbók. Um þetta gefur Faulkes um 50 dæmi (Faulkes 1985: 13–14). Hann bendir á að dæmin séu bæði tíð og komi fyrir í gegnum allan texta Sveins.

Faulkes gengur út frá því að Sveinn hafi notað texta Trektarbókar en oft tekið leshætti úr annarri heimild („it seems that he frequently adopted readings from another source“ Faulkes 1985: 13). Hann reynir síðan að komast að því hver hin heimildin hafi verið. Fyrst veltir hann upp þeim möguleika að textinn hafi verið til staðar í Wormsbók en á illa förnum blöðum – Sveinn hafi soðið sinn texta upp úr Trektarbók og lúnum blöðum í Wormsbók og síðan hafi lúnu blöðunum verið hent. Eins og Faulkes sýnir sjálfur fram á er þetta með öllu ósennilegt. Hann segir síðan:

The only possible alternative explanation is that Sveinn used another manuscript besides T to fill the gap in W. Neither the Uppsala manuscript (which was anyway not sent to Denmark until 1639) nor Magnús Ólafsson's *Edda* (a copy of which had probably reached Denmark by the early 1630s) is the source of Sveinn's readings that are not derived from T; they

seem to correspond most closely to the text of R. The source might have been the Stockholm manuscript (Perg. 4to nr 3), though this is unlikely to have reached Denmark until the 1640s (it was probably written in 1641). It is conceivable that Sveinn owned a copy of R himself. (Faulkes 1985: 14)

Ekki er mér kunnugt um frekari athuganir á þessu máli. Í útgáfu sinni á *Háttatali* lætur Faulkes duga að segja að pappírsblöðin í W hafi „text copied in the seventeenth century from extant manuscripts“ (Faulkes 2007: xxii). Í greinargerð fyrir handritum Snorra-Eddu í *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages* er sagt að texti Sveins sé úr T (Gade og Whaley 2009: lxxvi).


Ný kenning um uppruna textans

Eins og rakið er hér á undan hafa fræðimenn sett fram þrjár kenningar um texta Sveins. Sú fyrsta var að hann sé runninn frá Konungsbók (Möbius 1881, Finnur Jónsson 1880–1887) en önnur að hann sé runninn frá Trektarbók (Finnur Jónsson 1900, van Eeden 1913). Þriðja kenningin er að textinn sé runninn úr tveimur heimildum, önnur hafi verið Trektarbók en hin hafi verið skyld Konungsbók og væntanlega runnin frá henni (Faulkes 1985).

Ég set hér fram fjórðu kenninguna um uppruna textans: Hann er runninn frá einni heimild sem ekki var Trektarbók heldur forrit hennar. Trektarbók (T) og blöð Sveins (W_s) eru sem sagt systurhandrit. Sameiginlegt forrit þeirra var svo aftur systurhandrit Konungsbókar. Þessir þrír textar eru ein ætt Edduhandrita og önnur handrit eru þeim fjarskyldari.

Í næstu köflum leitast ég við að rökstyðja þessa kenningu. Fyrst greini ég texta *Háttatalis* í W_s á nokkuð ítarlegan hátt. Síðan tekur við umfjöllun um ókennd heiti og nafnaþulur en þar læt ég duga að fjalla um mest lýsandi dæmin.

Á myndinni sést ættartré handrita miðað við niðurstöðurnar hér og rannsóknir Bjarna G. Ásgeirssonar (2020). Stemmað á við um ókennd heiti og *Háttatal* en í öðrum hlutum verksins hafði W annað forrit. Ég sýni hér aðeins W_s og meginhandritin fjögur, RTWU.



Greining á texta *Háttatal*s

Í blöðum Sveins er varðveittur texti fyrstu sex vísna *Háttatal*s ásamt meðfylgjandi prósakýringum. Þessi texti er einnig varðveittur í R, T og U. Sem fyrir segir eru handritin R, T og W_s náskyld. Þegar þau greinir á má að jafnaði ætla að þau handrit sem standa með U hafi upphaflegastan texta.

Í *Háttatali* má finna að minnsta kosti 10 dæmi um að RU standi saman um leshátt gegn TW_s . Hér mundi RU-textinn venjulega vera upphaflegur en breyting hefur orðið í sameiginlegu forriti TW_s . Í flestum tilfellum hefur sú breyting verið einföld mistök eins og í AF-H 1:48 þar sem um dæmigerða afritunarvillu er að ræða. Orðin *hvernig skal* koma tvisvar fyrir í textanum og skrifari hefur stokkið frá fyrra tilfellinu til hins seinna:

AF-H 1:48

- R: Með máli ok hljóðum. **Hvernig skal** með máli skipta? Tvá vega. Hvernig? Halda eða skipta háttunum. **Hvernig skal** breyta háttunum ok halda sama hætti?
- U: Með máli ok hljóðum. **Hversu skal** með máli skipta? Tvá vega. Hvernin? Halda eða skipta háttunum. **Hvé skal** breyta háttunum ok halda sama hætti?
- T: Með máli ok hljóðum. **Hvernig skal** breyta háttunum ok halda sama hætti?
- W_s : Með máli ok hljóðum. **Hvernig skal** breyta háttunum ok halda sama heiti?

Benda má á fjögur önnur tilfelli þar sem TW_s hafa texta með brogaðri merkingu, líklega vegna mistaka í sameiginlegu forriti þeirra:

AF-H 1:21

RU: hljóðstafir
 TW_s: höfuðstafir

AF-H 4:19

RU: eigi
 T: eigur
 W_s: eign

AF-H 5:1

RU: Óðharða spyr ek eyða
 TW_s: Óðharða spyr ek heyra

AF-H 6:6

RU: sveita bekks at leita
 TW_s: sveita bekks at leita bekks

Þegar TW_s standa saman gegn RU hafa fyrrnefndu handritin þó einnig stundum leshætti sem eru merkingarlega verjandi eða jafnvel betri. Í útgáfum á vísnum 1 og 4 hafa útgefendur notað TW_s-textann *á* og *valdr* þótt RU standi saman um annan texta. Þarna kann að vera að sá sem ritaði sameiginlegt forrit T og W_s hafi leiðrétt textann á meðvitaðan hátt, annaðhvort eftir eigin hyggjuviti eða til dæmis þannig að hann hafi kunnað eitthvað í kvæðinu og stundum tekið minni sitt fram yfir forritið. Eins má þó vera að ritari hafi fyrir tilviljun rambað á texta sem ritskýrendum seinni tíðar hefur vel líkað.

AF-H 0:17

RU: Þrenn.
 TW_s: Þrennt.

AF-H 1:7

RU: gramr of gipt at fremri
 TW_s: gramr á gipt at fremri

AF-H 4:3

RU: skerr
 TW_s: skekr

AF-H 4:8

RU: vald
 TW_s: valdr

Dæmin um sameiginlega leshætti í TW_s sýna svo að ekki verður um villst að handritin hafa náskyldan texta. Annar vitnisburður um það er að handritin hafa mörg stafsetningareinkenni sameiginleg, svo sem að rita gjarnan 'eu' fyrir *ey* og 'c' fyrir *k*.

Þegar RU standa saman gegn T er það hins vegar alls ekki svo að W_s sé alltaf T-megin, það er jafnvel heldur algengara að W_s skipi sér þá með meirihlutanum. Um það tilfæri ég hér 13 dæmi úr *Háttatali*:

AF-H 0:7

RW_sU: Setning, leyfi, fyrirboðning
 T: Setning ok leyfi ok fyrirboðning

AF-H 0:28

RW_s: hljóðgrein er þat
 U: hljóðgreinir þat
 T: hljóðsgrein er þat

AF-H 1:9

RW_sU: sú er hætti ræðr (skr. 'hetti' í W_s)
 T: sú er heiti ræðr

AF-H 1:20

RW_sU: hljóðstafr
 T: hljóðstafrinn

AF-H 1:23

RW_sU: eða svá: en, er
 T: eða svá: er

AF-H 1:24

RW_s: eigi rétt setning
 U: eigi setning rétt
 T: ekki rétt setning

*AF-H 1:25*RW_sU: er hátt gerir ok kveðandi

T: er hátt gerir í kveðandi

*AF-H 1:42*RW_sU: þat er vandat er

T: þat sem vandat er

*AF-H 1:54*RW_s: nýgjörvingum

U: nýgervingum

T: nýgjörningum

AF-H 2:12

R: fleinbrag

W_sU: fleinbrak

T: fleinabrak

*AF-H 3:8*RW_sU: mellu dólgs

T: melli dólgs

*AF-H 3:4*RW_s: brún Míms vinar rúnu

U: brúns Míms vinar rúnu

T: brunn Míms vinar runnu

*AF-H 7:9*RW_s: nýgjörvingar

T: nýgjörningar

Þessi dæmi sýna að W_s er ekki komið af Trektarbók – eða að minnsta kosti ekki af henni einni. Hér virðist yfirleitt um það að ræða að ritari Trektarbókar hefur mislesið eitthvað eða gert minniháttar breytingu á textanum eftir eigin smekk, eins og að bæta við ákveðnum greini eða orðinu *ok*. Sumar breytingarnar í Trektarbók færa textann nær íslensku seinni alda eins og þegar *eigi* verður að *ekki*. Í lesháttum sem T og W_s eiga saman er hins vegar ekki að finna sérstaklega unglegan blæ.

Fyrir tilviljun mætti vænta þess að texti W_s komi stundum heim við einstaka leshætti í öðrum handritum. Í leitirnar komu tvö tilfelli um að W_sU standi saman gegn RT:

AF-H 0:19

RT: hqfuðskálda

W_sU : hqfuðskáldanna

AF-H 1:35

RT: rofs, ofs

W_sU : rofs ok ofs

Hér er í báðum tilfellum um að ræða smælki þar sem tveir óháðir skrifarar geta hæglega endað með sama textann fyrir tilviljun.

Ef W_s væri að hluta til byggt á R-texta mætti vænta þess að alloft kæmi fyrir mynstur þar sem RW_s standa saman gegn TU. Það er því mikilvægt að veita því athygli að þetta skuli ekki koma fyrir. Þó hefðu verið ærin tækifæri til að taka sérleshætti úr R ef Sveinn hefði haft R-texta við höndina. Hér eru dæmi sem fundust um sérstaka leshætti í R:

AF-H 0:9

R: Tvennt

TW_sU : Tvenn

AF-H 0:15

R: Tala ok málsgrein

TW_sU : Tala ok grein

AF-H 0:23

R: Hver er grein

TW_sU : Hvat er grein

AF-H 0:31

R: Lætr sár Hákon heitir

TW_sU : Lætr sá er Hákon heitir

AF-H 1:14

R: samstöfun
TW_sU: samstöfur

AF-H 1:15

R: enn enn sami stafr
TW_sU: enn sami stafr

AF-H 1:19

R: samstöfun
TW_sU: samstöfur

AF-H 1:21

R: ok er fegra
TW_sU: ok er þá fegra

AF-H 1:23

R: ek
TW_s: ek eða er
U: ek eða ek

AF-H 1:38

R: er heitir viðrhending
TW_sU: sú er heitir viðrhending (orðið *sú* ekki lengur læsilegt í U en rými er fyrir því)

AF-H 1:43

R: sem málrúnar eru
TW_sU: svá sem málrúnar eru

AF-H 2:13

R: at kalla fleinbraks sverðit
TW_sU: at kalla fleinbraks fúr sverðit

AF-H 4:8

R: unir bjart
TW_sU: unir bjart

AF-H 5:11

R: sönunorarorð

TW_sU: sannanarorð*AF-H 6:7*

R: ór varmri

TW_sU: at varmri

Af þessum dæmafjölda er fljótlegt að sjá hversu erfitt verk það hefði verið að sjóða W_s-textann upp úr R og T. Ef það hefði verið verklagið væri þess að vænta að Sveinn fylgdi stundum R í lesháttum sem eru einkennandi fyrir það handrit. Slíkt kemur hins vegar varla fyrir.

Niðurstöður þessarar athugunar á *Háttatali* má taka saman í töflu. Fjórar kenningar hafa verið settar fram um uppruna W_s-textans og þær spá fyrir um mismunandi niðurstöður úr athugun leshátta.

	Eftir R	Eftir T	Eftir R + T	Systir T	Í raun
RU / TW _s	sjaldan	oft	oft	oft	10
RW _s / TU	oft	sjaldan	oft	sjaldan	0
RT / W _s U	sjaldan	sjaldan	sjaldan	sjaldan	2
T / W _s RU	oft	sjaldan	oft	oft	13
R / TW _s U	sjaldan	oft	oft	oft	15

TAFLA 1: Leshættir í *Háttatali* og spásagnir mismunandi kenninga um textann í W_s.

Í töflunni hef ég merkt þær spásagnir sem standast illa. Sú kenning að W_s sé eftir T einu fellur á þeirri staðreynd að W_sRU standa oft saman gegn T. Sú kenning að W_s sé ýmist eftir R og T á erfitt með að skýra þá staðreynd að W_s stendur oft með T gegn RU en aldrei með R gegn TU. Sú kenning að W_s sé systurhandrit T er hins vegar í góðu samræmi við öll gögnin og það eru veigamestu rökin fyrir því að telja þá kenningu rétta.

Loks er vert er að nefna tvo sérleshætti W_s í *Háttatali*:

AF-H 1:41

RTU: hluthending

W_s: 'luthending'*AF-H 1:28*

R: þannig

T: þann veg

W_s: 'þennug'

U: svá

Norsk stafsetning með 'l' í stað 'hl' kemur oft fyrir í íslenskum miðaldahandritum og hér er hún vísbending um að Sveinn hafi ekki farið eftir neinu varðveittu forriti. Auðvitað má þó segja að myndin 'lut' sé svo algeng að Sveinn hafi getað þekkt hana og jafnvel notað hana að fyrri bragði.

Myndin *þennug* er meira afgerandi. Hún kemur fyrir í norskum miðaldahandritum en var aldrei algeng (sjá ONP) og er sannarlega óvænt í íslensku handriti frá 17. öld. Sveinn hefur greinilega hvorki þegið hana úr R né T og ekki úr U heldur. Þess ber að geta að í T kemur einu sinni fyrir myndin *þannug* (bl. 12v) og er það algengari mynd.

Ókennd heiti og nafnaþulur

Allmörg handrit varðveita ókennd heiti og nafnaþulur, að hluta eða í heild. Fyrir utan R, T, W_s og U koma hér til handritin A (Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, AM 748 I b 4to, frá fyrri hluta 14. aldar), B (Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, AM 757 a 4to, frá um 1400) og C (Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, AM 748 II 4to, frá um 1400). Auk þess er hluti af umskapaðri gerð ókenndra heita enn til í W. Laufás-Edda studdist við W meðan það var heilla en nú er og að auki við handrit sem hefur verið skylt A og B en þó hvorugt þeirra (Faulkes 1979: 156).

Afstaða W_s-textans til annarra handrita er sú sama í þessum hluta og í *Hátta-tali*. Hann er skyldastur T en oft koma fyrir villur í T sem ekki eru í W_s. Athyglisvert dæmi um þetta er nálægt upphafi textans þar sem talin eru upp samheiti skáldskapar:

AF-S 83:15

AUW_s: mærd ok lof

T: mærd, lof

R: mærd, lof

Það er einkenni á textanum í T að þar er orðinu *ok* oft sleppt í upptalningum. Það má gjarnan finna í öllum öðrum handritum og hefur verið upphaflegt í textanum. Þannig er væntanlega ástatt í dæminu hér að ofan. Í sameiginlegu forriti RTW_s hefur staðið *mærd ok lof* og þetta hefur skilað sér alla leið í W_s. Ritari R hefur hins vegar mislesið *ok*-merki sem r-rotunda enda geta þau tákni verið lík að sjá. Ef W_s væri gert úr T-texta og R-texta hefði hér þurft svolitla skarpskyggni eða heppni til að ná fram sama texta og í A og U.

Stafsetningin í W_s hefur mörg einkenni sameiginleg með T. Þar á meðal er að /æ/ er oft ritað 'e' og langir samhljóðar eru oft einritaðir. Athyglisvert er að þessi einkenni koma líka fram í W_s í orðum og textabútum sem aldrei hafa staðið í T. Skýrasta dæmið er þetta og hér gef ég stafréttan texta fremur en samræmdan:

AF-S 109:11

R: Læti er tvent. læti heitir rodd (41v)

A: Læti ær tvænt. læti hæitir rōdd (23r)

B: Lête er tuikennt. lēti heitir rôdd (Jón Sigurðsson útg. 1852: 551; 7v en lítt læsilegt)

C: Læti er tvent. læti. h. raudd (11r)

W_s: Leti er tuent. let. heitir rod (65v)

T: (Setningarnar hafa aldrei verið í handritinu.)

Hér hefur W_s mjög T-lega stafsetningu án þess að hafa nokkurn T-texta til að styðjast við. Ef gengið væri út frá tilgátu Faulkes um tvær heimildir yrðum við að hugsa okkur að Sveinn hafi hér tekið texta úr R og aðlagð stafsetningu hans að því sem algengt er í Trektarbók. Frá sjónarmiði skrifara á 17. öld væri það þó lítt nærtæk stafsetning að rita 'leti' og 'rod' fyrir *læti* og *rōdd* enda eru *leti* og *rod* allt önnur orð.

Nefna má fleiri athyglisverð dæmi um stafsetningu í W_s, hér er eitt:

AF-S 99:15

- R: er sol setz ieykþar stað (39r)
- T: er sol sez j eugtar stad (40v)
- W_s: er sol setst j eukdar stad (63r)
- A: ær sol sæz iæyktar stað (21r)
- C: er sol setz i eyktar stad (8r)

Hér hefur W_s fornlegri mynd en T. Öngljóðsmynd er þó einnig að finna í R. Sérkennilegra dæmi má finna í tröllkonuheit:

AF-S 112:424

- R: hengikepta (42r)
- T: hengikepta (44r)
- W_s: hengikepsta (66r)
- A: hængikæpta (23v)
- B: hengikiapta (Jón Sigurðsson útg. 1852: 554)
- C: heingikiapta (11r)

Rithátturinn ‘fst’ (algengt) og ‘pst’ (sjaldgæft) kemur fyrir í elstu íslensku handritunum fyrir það sem seinna verður ‘pt’. Önnur dæmi í nafnaþulur eru ‘leifstr’ (R) fyrir *leiptr* (Finnur Jónsson 1931: 206) og ‘scafst’ fyrir *skapt* (T og W_s) (Finnur Jónsson 1931: 203). Rithátturinn ‘pst’ finnst m. a. í fornri hómilíubók (Kaupmannahöfn, Den Arnamagnæanske Samling, AM 677 4to, frá upphafi 13. aldar): ‘lopsti’ fyrir *lopti* (de Leeuw van Weenen útg. 2018: 90).

Forrit Sveins

Stafsetningin í Trektarbók og á blöðum Sveins sýnir að texti beggja er kominn af handriti sem ritað hefur verið á 13. öld. Menn hafa litið svo á að Trektarbók sé rituð beint eftir slíku handriti. Þá má spyrja hvort Sveinn hafi einnig haft þetta forna handrit á sínu skrifborði. Það mætti hugsa sér atburðarásina með þessum hætti: Ole Worm kemst yfir Trektarbók og ber hana saman við Wormsbók. Hann sér að T hefur nokkra kafla fram yfir W og hefur þar með gildi fyrir rannsóknir á Eddu. En T er greinilega ungt handrit, ekki nema 30–40 ára gamalt þegar Worm sér það. Worm vill því heldur komast yfir gamla handritið sem T mundi vera skrifað eftir. Hann spyrst fyrir um málið og eignast að lokum

gamla handritið eða fær það lánað. Síðan fær Worm Svein Jónsson til að skrifa eftir gamla handritinu til að fylla inn í Wormsbók.

Þessi saga virðist ekki útilokuð en þó skyldi maður ætla að ef Worm hefði haft 13. aldar handrit Snorra-Eddu undir höndum væri einhver frekari merki að finna um það í bréfum hans eða öðrum gögnum og að það hefði ekki horfið sporlaust í Kaupmannahöfn. Ef til vill er líklegra að handritið sem Sveinn notaði hafi verið ungt pappírshandrit, runnið úr sömu smiðju og Trektarbók. Vitað er að mörg Edduhandrit á pappír glötuðust í brunanum 1728 og svo gæti hafa verið um þetta. Hvert sem handritið var er líklegt að Worm hafi átt það 1635 og það verður skiljanlegt að hann hafi gefið Trektarbók ef hann átti annað handrit af sömu textagerð.

Hér hef ég haldið því fram að blöð Sveins hafi textagildi og er því sjálfsgætt að taka þau með í reikninginn þegar textinn er gefinn út. Hins vegar munar þar ekki mikið um þau því að þessir hlutar Snorra-Eddu eru vel varðveittir að öðru leyti og það í náskyldum handritum. Það er því sjaldan að blöð Sveins varpa nýju ljósi á upphaflegan leshátt. Hins vegar veita þau athyglisverðar upplýsingar um textann í Trektarbók og gefa skarpari mynd af hinni sameiginlegu formóður þeirra á 13. öld.

Heimildir

AF-H = Faulkes (2007).

AF-S = Faulkes (1998).

Bjarni G. Ásgeirsson (2020). „A new stemma of *Háttatal*“. *Opuscula* 18: 61–85.

van Eeden, Willem (1913). *De Codex Trajectinus van de Snorra Edda*. Leiden.

Faulkes, Anthony (1977). *Two Versions of Snorra Edda from the 17th Century*. 2. *Edda Islandorum*. Reykjavík: 5–103.

Faulkes, Anthony (1979). *Two Versions of Snorra Edda from the 17th Century*. 1. *Edda Magnúsar Ólafssonar*. Reykjavík.

Faulkes, Anthony (1985). *Codex Trajectinus. The Utrecht Manuscript of the Prose Edda*. Kaupmannahöfn: 9–22.

Faulkes, Anthony, útg. (1998). *Snorri Sturluson, Edda. Skáldskaparmál*. London.

Faulkes, Anthony, útg. (2007). *Snorri Sturluson, Edda. Háttatal*. London.

- Finnur Jónsson (1880–1887). *Edda Snorra Sturlusonar. Edda Snorronis Sturlæi*. III. Kaupmannahöfn: i–cxix.
- Finnur Jónsson (1898). „Edda Snorra Sturlusonar, dens oprindelige form og sammensætning“. *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie*: 283–357.
- Finnur Jónsson (1900). *Snorri Sturluson. Edda*. Kaupmannahöfn: i–xii.
- Finnur Jónsson (1924). *Edda Snorra Sturlusonar. Codex Wormianus AM 242, fol.* Kaupmannahöfn: i–ix.
- Finnur Jónsson, útg. (1931). *Edda Snorra Sturlusonar*. Kaupmannahöfn.
- Gade, Kari Ellen & Diane Whaley (2009). „Sources for skaldic poetry cited in the kings’ sagas“. Kari Ellen Gade, ritstj. *Poetry from the Kings’ Sagas 2. From c. 1035 to c. 1300. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages 2*. Turnhout: lviii–lxxx.
- Grape, Anders (1951). „[Ritdómur um] Ole Worm’s *Correspondence with Icelanders*“. *Lychmos. Lärdomshistoriska samfundets årsbok 1951*: 307–13.
- Haukur Þorgeirsson & Teresa D. Njarðvík (2017). „The Last Eddas on Vellum“. *Scripta Islandica* 68: 153–88.
- Holtsmark, Anne & Jón Helgason (1950). *Edda. Gylfaginning og prosafortellingene av Skáldskaparmál*. Kaupmannahöfn: v–xiv.
- Jón Sigurðsson o. fl. (1848). *Edda Snorra Sturlusonar. Edda Snorronis Sturlæi* 1. Kaupmannahöfn: iii–viii.
- Jón Sigurðsson o. fl., útg. (1852). *Edda Snorra Sturlusonar. Edda Snorronis Sturlæi* 2. Kaupmannahöfn.
- Kålund, Kristian (1900). *Katalog over de oldnorsk-islandske håndskrifter i Det store kongelige bibliotek og i Universitetsbiblioteket*. Kaupmannahöfn.
- de Leeuw van Weenen, Andrea, útg. (2018). *AM 677 4°*. Reykjavík.
- Möbius, Th. (1881). *Hattatal Snorra Sturlusonar*. II. Halle: 35–98.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog*. <onp.ku.dk> (24. febrúar 2020).
- Rask, R. Kr., útg. (1818). *Snorra-Edda ásamt Skáldu og þar með fylgjandi ritgjörðum*. Stokkhólmi.

Summary

The Codex Wormianus has nine paper leaves with the hand of Sveinn Jónsson (1603–1687), presumably written when Sveinn was a student of Ole Worm in Copenhagen in 1635–1637. The text of these leaves has been seen as derived from extant manuscripts, either the Codex Regius (Möbius 1881: 49, Finnur Jónsson 1880–1887: lxi) or the Codex Trajectinus (Finnur Jónsson 1900: 2, van Eeden 1913: cxxii, cxxvi) or by a combination of Regius and Trajectinus (Faulkes 1985: 13–14). Based on a close analysis of the text of *Háttatal* (summarized in Table 1), I propose instead that Sveinn’s text is best explained as constituting a sister manuscript to the Codex Trajectinus. The text is, thus, derived from a single source, one which is now lost. This is further supported by the observation that Sveinn’s text includes rare medieval forms, in particular ‘þennug’ and ‘hengikepsta’, which are not found in any other extant manuscript of the Edda.

